



Erindi nr. HH15U145.169  
Dags. 16.3.2016

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 169. mál á 145. löggjafarþingi**

Umbætur á fyrirkomulagi peningamyndunar

Efnislega lýtur sú tillaga sem hér um ræðir að því að skipuð verði þingmannanefnd til að vinna úttekt á fyrirkomulagi peningamyndunar í landinu og gera tillögur að umbótum á því. Í greinargerð með tillögunni er vikið sérstaklega að þeim vandamálum sem stafa af hinu svokallaða brotaforðakerfi sem nú er við lýði hér á landi. Samtökin telja með öllu óforsvaranlegt að þröngum hópi einkafyrirtækja sem auk þess starfa í skjóli mikillar fákeppni, sé falið það gifurlega vald sem felst í því að framleiða og setja í umferð yfir 90% af öllu peningamagni í landinu, þ.e. rafrænar innstæður.<sup>1</sup> Innbyggður í það fyrirkomulag er svo djústaður freistnivandi að honum verður ekki útrýmt nema með því að taka grunngerð peningakerfisins til algjörar endurskoðunar. Þekktasta dæmið um afleiðingar þess vanda birtust Íslendingum öllum á uppgangstíma fjármálakerfisins í byrjun 21. aldar, þegar peningaprentun einkavæddu bankanna fjármagnaði gríðarlegan og ógnarhraðan vöxt þeirra, þannig að innan áratugs höfðu þeir framleitt meira af peningum en höfðu áður verið gefnar út frá upphafi íslensku krónunnar sem sjálfstæðs gjaldmiðils. Sýnt hefur verið fram á að hin séríslenska verðtrygging útlána jók verulega við og magnaði þá útþenslu, sem endaði loks með allsherjarhruni fjármálakerfisins árið 2008.<sup>2</sup>

Allt of lítið hefur verið hugað að fyrirkomulagi á frumútgáfu peninga hér á landi. Til að mynda er að mestu óljóst hvernig því hafi verið háttað frá því að slitnaði upp úr norræna myntbandalaginu í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar og fram til ársins 1961 þegar Seðlabanki Íslands var fyrst stofnaður. Þekking á fyrirkomulagi peningamyndunar hefur síðan þá ekki heldur verið á vitorði almennings og hefur brotaforðakerfið þar af leiðandi aldrei getað öðlast lýðræðislegt umboð frá kjósendum. Á því hefur þó orðið sú breyting í seinni tíð að þekking á eðli og fyrirkomulagi peningaútgáfu hefur aukist meðal almennings, og samfara því hefur gagnrýni á brotaforðakerfið farið vaxandi. Auk þess að sú gagnrýni beinist að því grundvallaratriði hverjum peningaútgáfuvaldið sé falið, hefur einnig verið bent á að slíkt kerfi sé í eðli sínu ósjálfbært og óstöðugt, og jafnframt hafa margir lýst áhyggjum sínum yfir því hve íslenska krónan hafi reynt óstöðugur gjaldmiðill. Endurskoðun á fyrirkomulagi útgáfu hennar myndi því fela í sér jákvæða aðgerð sem væri til þess fallin að stuðla að auknum stöðugleika.

<sup>1</sup> Hagtölur Seðlabanka Íslands: Peningamagn.

<sup>2</sup> Jacky Mallett: An examination of the effect on the Icelandic Banking System of Verðtryggð Lán (Indexed-Linked Loans).

Hagsmunasamtök heimilanna hafa ekki tekið sérstaklega afstöðu til þess nákvæmlega hverskonar fyrirkomulag væri best til þess falið að leysa brotaforðakerfið af hólmi, en þykja þó þær tillögur sem settar hafa verið fram um svokallað þjóðpeningakerfi vera forvitnilegar og verðskulda nánari skoðun. Vísast nánar um þær tillögur til skýrslu Frosta Sigurjónssonar Alþingismanns og formanns efnahags- og viðskiptanefndar til forsætisráðherra, um endurbætur á peningakerfinu, frá mars 2015.<sup>3</sup> Samtökin mælast jafnframt til þess að skýrslan verði gefin út íslenskri þýðingu, og að tryggðar verði fjárveitingar til þess að ráðast í það verkefni við fyrsta tækifæri.

Með hliðsjón af öllu framangreindu fagna Hagsmunasamtök heimilanna tillögu til þingsályktunar um umbætur á peningakerfinu, og hvetja eindregið til þess að hún verði samþykkt.

- o -


Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Pálmey Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

---

<sup>3</sup> Monetary Reform - A better monetary system for Iceland